

# **Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs**

haldinn á Hótel Jökulsárlóni  
á Hnappavöllum í Öræfum  
21. október 2016

## 1. Setning

Jón G. Valgeirsson, formaður SOS, setti fundinn.

## 2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Björn Inga Jónsson sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

## 3. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SOS að kjörbréfa- og kjörnefnd.

### Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður

Ísólfur Gylfi Pálmason

Ari Björn Thorarensen

### Sveitarfélag

Hveragerðisbær

Rangárþing eystra

Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

## 4. Skýrsla stjórnar

Jón G. Valgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar, greindi hann frá því að 6 formlegir fundir hafi verið haldnir á árinu auk fjölda funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem verið hafa á döfni.

Sameiningarviðræður við Sorpu og SOS hafa verið í gangi en eru nú í biðstöðu meðan verið er að skoða möguleika Nessands í Ölfusi til meðhöndlunar úrgangs og er því aðeins gerður samningur til 6 mánaða í senn við Sorpu. Næsti samningur rennur út nú um áramót en óvissa er um framhaldið.

Viðræður hafa verið í gangi við Sveitarfélagið Ölfus um Nessand. Starfshópur hefur fundað þrisvar sinnum og er verið að ræða um flokkun úrgangs og magn en viðræður eru nú í biðstöðu. Á árinu var kláraður frágangur á svæðinu við Kirkjuferjuhjáleigu.

Orkugerðin í Flóa er í rekstri en heilbrigðiseftirlit hefur gert athugasemdir við reksturinn.

Settir hafa veið upp brennslugámar en vandamál Orkugerðarinnar er hráefnisskortur.

Unnið hefur verið að tölfræðilegum upplýsingum um sorpmagn á svæðinu en mikil magnaukning hefur verið á úrgangi. Á árunum 2014-2017 tvöfaldaðist magn úrgangs en bætta skilaupplýsingar sýna betur hver aukningin er í raun.

Búið er að semja við Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðing, um að greina úrgangsmál á starfssvæði SOS og leggja fram tillögur um hvaða möguleikar séu í stöðunni.

Að lokum sagði formaður að á komandi ári þurfi að ganga frá samningi við Sorpu, vinna að markmiðum svæðisáætlunar og vinna tillögur að framtíðarfyrirkomulagi. Það eru því spennandi tímar fram undan hjá nýrri stjórn SOS.

## 5. Lögmæti fundarins skv. niðurstöðu kjörnefndar

Ísólfur Gylfi Pálmason, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Kjörnir fulltrúar eru níu. Gild kjörbréf eru fyrir 8 aðalfulltrúa og 1 varafulltrúa og eru þeir allir mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

## 6. Afgreiðslumál

### a) Ársskýrsla SOS

Voru henni gerð skil í skýrslu framkvæmdastjóra fyrir á fundinum.

### b) Endurskoðaðir reikningar 2015

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti ársreikning fyrir árið 2015, þar kom fram að rekstrartap er rúmlega 17 m.kr.

### c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2017

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði um 118,5 m.kr. og rekstrargjöld um 125,8 m.kr. Að teknu tilliti til fjármagnstekna er gert ráð fyrir 2,4 m.kr. tapi af SOS.

### d) Tillaga að gjaldskrá

Lögð var fram tillaga að breytingum gjaldskrár Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2017.

### e) Tillögur um þóknun stjórnar

Lögð var fram tillaga um þóknun stjórnar.

Þakkaði Jón SASS fyrir góða þjónustu og sérstaklega Sólveigu Ragnarsdóttur sem nú lætur af störfum.

### f) Tillögur um breytingar á samþykktum

Engar tillögur bárust.

### g) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Engar tillögur bárust.

## 7. Erindi: Greiningarvinna um úrgangsmál á starfsstöð SOS

*Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur.*

Stefán Gíslason tók til máls en hann er að vinna greiningu á úrgangsmálum á starfssvæði SOS.

Viðgangsefnið er að greina stöðu úrgangsmála á Suðurlandi og vinna tillögur að

fyrirkomulagi málaflokksins á næstu árum. Hann mun afla upplýsinga um núverandi stöðu mála og kortlagningu á uppruna og afdrifum úrgangs, leita leiða til bæta úrgangsmálin og meta möguleika út frá tæknilegum og fjárhagslegum forsendum. Að lokum leggur hann fram tillögur að fýsilegum valkostum miðað við upplýsingar sem hann vinnur úr.

Verkefnið er nýhafið og er unnið að samantekt gagna um stöðu mála. Staðan á Suðurlandi er nokkuð góð en hún er líka mjög viðkvæm. Honum finnst mikil tækifæri liggja í Orkugerðinni en þar telur hann vera í gangi mjög merkileg framleiðsla. Hann vill að fólk líti á úrgang sem auðlindir en ekki vandamál og finnur hann fyrir vilja á svæðinu til samstarfs um lausnir.

Skráning á úrgangi er líklega í góðu lagi miðað við fyrstu skoðun.

Áfram þarf að gera skammtímasamning við Sorpu.

Ræddi hann um skyldur sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs. Skylt er að hafa ákveðið fyrirkomulag um söfnun á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélögum. Það þarf vera starfrækt móttöku- og söfnunarstöð fyrir úrgang sem fellur til en sveitarfélögin þurfa ekki endilega að reka þetta sjálf.

Sveitarstjórn, ein eða fleiri saman, skal semja og staðfesta svæðisáætlum um úrgang sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Þessa áætlun á svo að meta á sex ára fresti og taka ákvörðun um hvort endurskoðunar er þörf.

Ræddi hann um mikilvægi þess að sveitarstjórnir í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir annist gerð upplýsingaefnis um meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræði almenning og rekstraraðila.

Sérstök samþykkt er hjá sveitarfélögum um meðhöndlun útgangs. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu og skyldur einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang eftir stærð, gerð, staðsetningu o.s.frv. Ef mögulegt er þarf að vera sérstök söfnun, t.d. á pappír, málm, plasti og gleri.

Markmiðið er að árið 2020 hafi lífrænn heimilísúrgangur minnkað um 35% af heildarmagni þess úrgangs sem féll til árið 1995.

Einnig ræddi hann um að allt það sem við hendum hefur einhvern tímann verið keypt fyrir peninga, en að því skuli vera hent bendir til að við höfum ekki náð að nýta það til fulls. Hafa skal í huga að úrgangur er auðlind sem er á villigötum. Tók hann dæmi um málm en hann er hægt að endurnýta óendanlega oft án þess að gæði rýrni.

Urðun mun verða dýrari á komandi árum. Hugsa þarf út í hvað borgar sig og hvað ekki. Upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur. Úrgangsförvarnir eru bestí sparnaðurinn.

Að lokum ræddi hann um hugsanlega framtíð á Suðurlandi. Hann telur að það geti orðið öflugt samstarf innan sveitarfélaganna með áherslu á sjálfsforræði. Gera þarf átak í fræðslu og að gera flokkun aðgengilega öllum. Vanda þarf skráningu á tölulegum upplýsingum. Huga þarf að því m.a. í útboðsgerð að leggja áherslu á markmið frekar en tilteknar tæknilausnir. Hann vill efla Orkugerðina.

Það eru valkostir fyrir hendi, hvað verður ákveðið er val hvers sveitarfélags. Hin fullkomna lausn er ekki til.

Til máls tóku auk Stefáns Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ari Björn Thorarensen.

## 8. Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust, enginn óskaði eftir að taka til máls.

## 9. Afgreiðsla á tillögum c, d og e.

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2017 verði samþykkt.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2017 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt er til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillögur að þóknun stjórnar verði samþykktar.

Tillögur að þóknun stjórnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

## 10. Kosningar

### a) Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara

#### Aðalmenn:

Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi  
Ásta Stefánsdóttir, Árborg  
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra  
Anna Björg Nielsdóttir, Ölfusi  
Ari Björn Thorarensen, Árborg

#### Varamenn:

Einar Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahr.  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, Árborg  
Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþ. eystra  
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði  
Gunnar Egilsson, Árborg

Formaður Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi.

Jón G. Valgeirsson, formaður, þakkaði sérstaklega Aldísi Hafsteinsdóttur og Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir samstarfið í stjórninni og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Einnig þakkaði hann starfsmönnum, þá sérstaklega Sólveigu Sjöfn Ragnarsdóttur, starfsmanni SASS, sem nú lætur af störfum og fundargestum fyrir góðan fund.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 10:20.